



# Betri Snæfellsbær

Verkefni til framkvæmda 2020

Kynnt 24. janúar 2020



# Inngangur



Snæfellsbær opnaði samráðsvettvanginn Betri Snæfellsbæ í vetur og óskaði eftir tillögum um framkvæmdir og viðhaldsverkefni frá íbúum sveitarfélagsins. Hugmyndasöfnunin stóð yfir frá 19. september til 19. október 2019.

Góð þátttaka reyndist meðal íbúa og bárust 45 fjölbreyttar hugmyndir. Tæknideildin fór yfir innsendar tillögur og óskaði eftir því að bæjarstjórn Snæfellsbæjar gerði ráð fyrir töluverðum fjármunum til verkefnisins í fjárhagsáætlun þessa árs.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 5. desember síðastliðinn að veita 18 milljónum til verkefnisins.

Eftir vinnu tæknideildar við greiningu og forgangsöröðun þeirra hugmynda sem bárust liggur fyrir þessi skýrsla um fyrirhugaða framkvæmd verkefnisins.

Davíð Viðarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir og Heimir Berg Vilhjálmsson





# Samantekt verkefna

Eftirfarandi verkefni koma til framkvæmda árið 2020 og gerir bæjarstjórn Snæfellsbæjar ráð fyrir kr. 18.000.000 til verksins í fjárhagsáætlun ársins.

- Hundasvæði
- Afþreying fyrir börn í Rifi
- Tengja saman göngustíga
- Lýsa upp vegglistaverk á Hellissandi
- Lýsing við Klifbraut
- Handrið á brú við Hraðfrystihúsið á Hellissandi
- Grenndargámar í dreifbýli
- Fjölgun bekkja við göngustíga og áningastaði
- Verndun fuglalífs á Rifi
- Lagfæringar á Keflavíkurgötu
- Útilíkamsræktarstöð (hönnun svæðis)
- Hjólarampur (hönnun svæðis)





# Hundagerði við þéttbýliskjarna

Tæknideild tekur vel í hugmynd um hundagerði og leggur til að útbúin verði hundagerði við alla þéttbýliskjarna í Snæfellsbæ, hvert að lágmarki 600 fermetrar að stærð.

Kostnaður felst í vinnu, staurum og girðingæfni, stálhliðum, skiltum, bekkjum og ruslatunnum.





# Afþreying fyrir börn á Rifi

Tæknideild tekur vel í hugmynd um bættu afþreyingu fyrir börn á Rifi og leggur til að farið verði yfir núverandi leikvöll og endurbætur gerðar á honum auk þess sem ærslabelgur verður settur upp á Rifi.

Kostnaður felst í nýrri rennibraut, ungbarnarólu, kaupum á ærslabelg og öðrum nauðsynlegum lagfæringum.





# Tengja saman göngustíga í Ólafsvík

Tæknideild tekur vel í hugmynd um tengingu göngustíga við Ólafsbraut í Ólafsvík og leggur til að lagður verði göngustígur frá Klifbraut að Ólafsbraut. Um væri að ræða skemmtilega tengingu við fjölfarinn stíg og einnig til að minnka umferð gangandi vegfarenda neðst í Klifbrautinni.

Kostnaður felst í jarðvinnu og efni.





# Lýsa upp vegglistaverk

Tæknideild tekur vel í þá hugmynd að lýsa skuli upp vegglistaverk á Hellissandi og leggur til að listaverkið á gaflinum á íþróttahúsinu á Hellissandi verði lýst upp fyrr en seinna og önnur listaverk í kjölfarið ef vel gengur.

Kostnaður felst í ljóskösturum og vinnu við rafmagn.

*Uppfært: Verkefni hefur þegar komist til framkvæmda.*





# Handrið á brú

Tæknideild er sammála um nauðsyn þess að auka öryggi á brú bak við hraðfrystihúsið á Hellissandi og leggur til að útbúið verði handrið á brúna sem hentar núverandi ástandi hennar. Meta þarf hvaða lausn er best.

Kostnaður felst í vinnu og efni.






# Lýsing við Klifbraut

Tæknideild tekur undir ábendingu um bætta lýsingu milli Túnbrekku og Miðbrekku og leggur til að settur verði ljósastaur efst í Klifbraut.

Kostnaður felst í kaupum á ljósastaur, jarðvinnu og strenglöggn.





# Grenndargámar í dreifbýli



Tæknideild tekur undir hugmynd um grenndargáma í dreifbýli Snæfellsbæjar og leggur til að lokaðir flokkunargámar verði til að byrja með settir upp á Arnarstapa.

Kostnaður felst í kaupum á flokkunarkrá frá Terra og frágangi.





# Bekkir



Tæknideild tekur vel í hugmyndir um fjölgun bekkja í sveitarfélaginu og leggur til að fjölga skuli bekkjum við núverandi áningastaði og gönguleiðir.

Kostnaður felst í kaupum á bekkjum, hellum, grindum undir bekki og jarðvinnu.







# Áætlun fyrir verndun fuglalífs á Rifi

Tæknideild er sammála ábendingu og bendir á að unnið er að lausn varðandi lækkun ökuhraða á Útnesvegi með Vegagerðinni sem hefur umsjón með veginum. Háarif og Hafnargata eru á ábyrgð Snæfellsbæjar og leggur tæknideild til að dregið verði úr ökuhraða með varanlegum hraðatakmarkandi aðgerðum.

Kostnaður felst í hraðatakmarkandi aðgerðum, t.d. kaupum á eyjum og þess háttar.







# Lagfæringar á Keflavíkurgötu

Tæknideild tekur vel í þá hugmynd að lagfæra skuli Keflavíkurgötu á Hellissandi og leggur til að lögð verði gangstétt niður Dyngjubúð og svæði utan gangstétta á Keflavíkurgötu verði fegrað og lagfært.

Kostnaður felst í að steypa gangstétt, jarðvinnu og öðrum frágangi.





# Útilíkamsræktarstöð

Tæknideild tekur vel í hugmynd um  
útilíkamsræktarstöð í Snæfellsbæ og leggur til að  
farið verði í skoðun og hönnun á slíkum svæðum.

Mikilvægt að vanda til verka við staðsetningu  
tækja.

Kostnaður felst í hönnunarvinnu.





# Hjólarampur



Tæknideild tekur vel í hugmynd um að hjólarampi verði komið upp í Snæfellsbæ og leggur til að farið verði í skoðun og hönnun á slíku svæði.

Ljóst er að nokkuð er um óhöpp á hjólarömpum og hafa sveitarfélög verið að fjarlægja slíka rampa af skólalóðum. Skoða þyrfti málið vel með öryggi og útfærslur á rampi í huga.

Kostnaður felst í hönnunarvinnu.







# Önnur verkefni sem verða skoðuð á árinu

- **Sáið / skipulag við Ólafsbraut:** Lagt er til að nota samráðvettvanginn Betra Ísland – Betri Snæfellsbær til að safna hugmyndum bæjarbúa um framtíðarsýn svæðisins. Í kjölfarið verði unnið úr þeim hugmyndum og þær hafðar til hliðsjónar við hönnun svæðisins.
- **Kofabær / skólagarðar:** Lagt er til að skoða þann möguleika að vera með kofabæ og/eða skólagarða yfir sumarið.
- **Ljós við göngustíga:** Lagt er til að skoða við hvaða stíga hentar að hafa lýsingu, skoða útfærslur á lýsingu og skoða kostnað.
- **Trjárækt innan þéttbýlis:** Fyrirhugað er að ráða garðyrkjufraeðing til starfa í sumar sem mun m.a. skipuleggja gróðursetningu innan þéttbýlis. Einnig hafa skógræktarfélögin fengið aukið svæði innan þéttbýlis til trjáræktar.
- **Gangstéttir í Snæfellsbæ:** Endurbætur og lagfæring gangstétta í Snæfellsbæ halda áfram á árinu 2020.
- **Minigolf:** Það eru mini-golfbrautir á Sáinu og við ráðhúsið á Hellissandi.





# Samantekt hugmynda

Eftirfarandi hugmyndir bárust en þarf að vinna betur og/eða eru áframsendar til viðeigandi aðila innan Snæfellsbæjar áður en þær komast til framkvæmda.

- Endurbætur eða lagfæringar við Höskuldsá.
  - Svar: Búið er að gera tillögu að lagfæringum við Höskuldsá og er frekari hönnunar að vænta. Búast má við að endurbætur verði á næstu árum.
- Hugmyndir um starfsemi í Röstinni og íþróttahúsinu á Hellissandi.
  - Svar: Tæknideild hefur með viðhald húsanna að gera en ekki notkun þeirra.
- Myndavélakerfi inn og út úr þéttbýlisstöðunum.
  - Svar: Málið er þegar í vinnslu hjá lögreglunni á Vesturlandi.



# Samantekt hugmynda



- Lýsing á Arnarstapa.
  - Svar: Ekki er fyrirhugað að lýsa upp Arnarbrautina. Athugað verður með viðeigandi lýsingu á göngustígum meðfram Arnarbraut.
- Göngustígur á Arnarstapa.
  - Svar: Sótt var um styrk til uppbyggingar á Arnarstapa í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir árið 2020.  
Í umsókn er meðal annars gert ráð fyrir lagningu göngustíga. Beðið svara við styrkumsókn.
- Magnúsarstígur í Ólafsvík.
  - Svar: Gert er ráð fyrir að viðhalda Magnúsarstíg í skipulagi og á lóðarblöðum lóða við stíginn en óvíst er hvort eða hvenær hann verður tekinn aftur í notkun skv. skipulagi.





# Samantekt hugmynda

Eftirfarandi hugmyndir falla ekki undir skilgreiningu Betri Snæfellsbæjar en þeim verður komið til viðeigandi aðila. Verða ekki framkvæmdar af tæknideild árið 2020.

- Hjólastígur í Bug / Brú í Bug.
  - Svar: Landið er í einkaeigu. Ábendingu komið til landeiganda.
- Að auglýsa Snæfellsbæ.
  - Svar: Markaðsmál heyra ekki undir tæknideild Snæfellsbæjar.
- Sækja um af hörku að fá störf frá ríkinu í Snæfellsbæ.
  - Svar: Opinber störf eru ekki á sviði tæknideildar. Ábendingu komið til bæjarstjórnar.
- Skautasvell í miðbæinn.
  - Svar: Möguleiki til framtíðar á Sáinu. Þarf þó fyrst að gera ráð fyrir því í hönnun svæðisins.



# Samantekt hugmynda



- Leita af alvöru að heitu vatni.
  - Svar: Tæknideild sér ekki um leit að heitu vatni en getur komið að málinu hvað upplýsingagjöf til íbúa varðar.
- Bílastæði og áning á Snagabökkum.
  - Svar: Bílastæði og áningastaður er nú þegar 400 metrum frá Snagabökkum.
- Að koma upp skjalasafni fyrir Snæfellsbæ.
  - Svar: Stofnun skjalasafns heyrir ekki undir tæknideild. Ábending send á bæjarstjórn.
- Íbúabyggð á Arnarstapa / Skortur á húsnæði.
  - Svar: Það er skortur á húsnæði víða í Snæfellsbæ. Það er skipulagsákvörðun að hafa frístundabyggð á Arnarstapa en hins vegar eru nokkrar íbúðahúsalóðir í boði á Arnarstapa fyrir þá sem vilja byggja íbúðarhús á svæðinu.



# Samantekt hugmynda



- Íbúðir fyrir aldraða í Ólafsvík.
  - Svar: Ákvörðun um byggingu íbúða fyrir aldraða liggur hjá bæjarstjórn. Ábending send til bæjarstjórnar.
- Íbúafundir.
  - Svar: Tæknideildin heldur opna fundi þegar þörf þykir, nú síðast í janúar þegar aðalskipulagsbreyting vegna golfvallar við Rif var kynnt.
- Betri félagsmiðstöð eða laga þá sem fyrir er.
  - Svar: Húsnæði er ekki í eigu Snæfellsbæjar og því getur tæknideild aðeins bent á mögulegar úrbætur. Framkvæmdir eru í höndum húseiganda.
- Fríar lóðir í Snæfellsbæ.
  - Svar: Lóðir eru fríar í Snæfellsbæ og gatnagerðargjöld hafa verið lækkuð töluvert á íbúðarhúsnæði.